



FUNDARGERÐ

4. fundur Vatnsveitu Rangárbings ytra og Ásahrepps
haldinn Suðurlandsvegi 1-3 , fimmtudaginn 6. júlí 2023
og hófst hann kl. 11:00.

Fundinn sátu:

Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Þráinn Ingólfsson, Eydís Þ. Indriðadóttir og Tómas Haukur Tómasson.

Fundargerð ritaði: Tómas Haukur Tómasson, embættismaður.

Dagskrá:

1. Fjárfesting Vatnsveitu Rangárbings y. og Ásahrepps 2023 - 2303068

Niðurstæða útboðs Bugavegur - Djúpós

Farið yfir niðurstæðu útboðs í vatnslögn frá Suðurlandsvegi að Ráðagerði og síðan frá Bjólu að Djúpósi.

Opnun tilboða í verkið Bugavegur-Djúpós var fimmtudaginn 29.júní. Þrjú tilboð bárust frá eftirtöldum aðilum.

Þjótandi ehf 34.400.000 kr.

Heflun ehf 28.215.000 kr.

Nautás ehf 29.153.000 kr.

Kostnaðaráætlun Vatnsveitu 23.580.000 kr.

Vegna aukinnar vatnsnotkunar í Þykkvabæ og er nauðsynlegt að bæta í áætlaðar framkvæmdir ársins og leggja lögnina að dæluhúsi við Djúpós í þessum áfanga og miðast tilboðsverð við það.

Með þessu þarf að gera viðauka á árinu og lítur út fyrir að hann verði nær 12.000.000kr.

Lagt er til að viðauki verði gerður þegar líður á árið og fyrirjéð hvort aðrar tekjur fjárfestinga hafi áhrif á lokaniðurstæðu.

Fundurinn samþykkir framlögð gögn og leggur til að tilboði lögstjóðanda verði tekið standist hann kröfur útboðsgagna. Framkvæmdastjóra er falið að undirbúa viðaukann og leggja fram á næsta fundi.

Samþykkt samhljóða.

2. Yfirlit frá veitustjóra - 2005018

THT fer yfir rekstur Vatnsveitunnar síðustu misserin.

THT fór yfir stöðu reksturs Vatnsveitu síðustu missera. Önnur borholudælan í Lækjarbrekku bilaði í síðustu viku. Ekki voru til varahlutir í dæluna og ekki hefur verið til varadæla. Ný dæla var pöntuð sem hefur meiri afköst en þær sem eru til staðar nú. Sett var

MHG
6 ✓
THT PI / B. J.

niður dæla sem var til en með of lítil afköst. Ný dæla er væntanleg 7.7.2023.
Með þessari nýju verða afköst í Lækjarbotnum aukin og vatnsveitan þá betur í stakk búin
að takast á við aukna notkun.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:50.


Margrét Harpa Guðsteinsdóttir


Þráinn Ingólfsson


Eydis Þ. Indriðadóttir

Tómas H. Tómarsson